



Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

26. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, 194. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir sveitarfélaga til álagningar útsvars verði hækkaðar úr 13,03% í 14,03%. Rök flutningsmanna eru þau að sveitarfélögin í heild hafi verið gerð upp með halla undanfarin ár og að á þeim standi miklar og vaxandi kröfur um þjónustu.

Samkvæmt uppgjöri Hagstofu Íslands á tekjum og gjöldum sveitarfélaga kemur fram að tekjur þeirra og gjöld jukust um fjórðung að raungildi milli árunna 2000 og 2004. Sveitarfélögin hafa þannig notið ríkulega mikils hagvaxtar og kaupmáttaraukningar síðustu ára. Halli var á rekstri sveitarfélaganna í heild árið 2004 sem nam 0,6% af VLF en afgangur sem nam sama hlutfalli árið áður. Þau rök flutningsmanna fyrir skattahækkuninni að um mikinn hallarekstur sé að ræða fá því vart staðist.

	2000	2001	2002	2003	2004	% '00-'04
Tekjur sveitarfélaga	77.747	89.474	100.432	107.228	113.461	
Gjöld sveitarfélaga	80.337	94.815	97.077	102.757	118.291	
Tekjur á verðlagi 2004	91.737	96.666	102.680	109.793	113.461	24%
Gjöld á verðlagi 2004	94.794	102.436	99.249	105.216	118.291	25%
Tekjur % af VLF	11,8	12,1	13,1	13,4	13,2	
Gjöld % af VLF	12,2	12,8	12,7	12,9	13,8	
Tekjuafgangur, % af VLF	-0,4	-0,7	0,4	0,6	-0,6	

Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu var 40,3% árið 2003 samanborið við 36-37% að meðaltali í OECD ríkjunum síðastliðin ár, skv. skýrslu OECD um Ísland í apríl 2005. Ísland telst þannig í hópi háskattalanda. Hlutur samneyslunnar í landsframleiðslu hefur verið á bilinu 25-26% á Íslandi undanfarin ár og er þetta hlutfall hvergi hærra nema í Danmörku og Svíþjóð. Í þessum ríkjum hafa stjórnvöld áhyggjur af miklu umfangi hins opinbera og til




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

marks um það hefur í Danmörku verið í gildi svonefnt skattastopp undanfarin ár í þeirri viðleitni að hemja vöxt opinberra útgjalda.

Samtök atvinnulífsins telja háa hlutdeild samneyslu og mikinn vöxt hennar undanfarin ár og tilheyrandi aukningu skattlagningar af heildarverðmætasköpun vera skaðlega fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Hófleg stærð hins opinbera og hóflegir skattar eru betur til þess fallin að auka velferð og velmegun en háir skattar og mikið umfang hins opinbera. Af framangreindum ástæðum mæla Samtök atvinnulífsins gegn framangreindri lagabreytingu.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson